



Reykjavík, 18. júní 2025
PON21070024

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja vinnu við tengingar á milli Búa og Minna síðna

Á fundi stafræns ráðs þann dags 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags 4. júní 2025, um að hefja vinnu við tengingar á milli Búa og Minna síðna, ásamt fylgigögnum sbr. 7. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2025
PON21070024

Efni: Heimild til að hefja vinnu við tengingar á milli Búa og Minna síðna

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við tengingar á milli Búa og Minna síðna.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júlí 2025 til nóvember 2025 og er heildarkostnaður skv. Frumkostnaðaráætlun 9,3 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði eru áætlað að 6,9 m.kr. verði aðkeypt sérfræðipjónusta sem tilheyrir verktakasamningum á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu. Ekki er gert ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði að svo stöddu þar sem um er að ræða tengingu milli tveggja vara sem eru í rekstri nú þegar.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð - **trúnaður**

Umfangsmat - **trúnaður**

Reykjavík, (21.05.2025)

Verkefnaráðsfundur: 06.02.2025

Tenging Búa og minna síðna

Samantekt:

Stoð sem var innskráningar og umsóknar hluti Ráðgjafans - sama virkni og á Mínum síðum og orðið tímabært að sameina vegna þess að það er töluvert þyngra að bæta við virkni í Stoð og við viljum hafa alla aðkomu íbúa beint í gegnum mínar síður. Mínar síður voru ekki til þegar fyrsti fasi Ráðgjafans var próaður

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 9,3 m. kr.

Áætlun á tímalengd verkefnis: 3 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 4,67

Skorar það sama og Ráðgjafinn framtíðarsýn þar sem þetta verkefni ef partur af framþróun Ráðgjafans.

Ábati 33%: 5

Helsti ábati verkefnisins í heild er útfösun málaskrár Velferðarsviðs og er það mikill mælanlegur ábati fyrir Reykjavíkurborg.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi sem eykur samlegðar áhrif við aðrar vörur Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp innan Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er fyrir þeirri þjónustu sem Ráðgjafinn mun veita.

Virðingarfyllt,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Tenging Búa og Minna síðna

Barfagreining

Verkefnið miðar að því að tengja afgreiðslukerfi starfsfólks, Búa, beint við Mínar síður þannig að erindi sem berast frá íbúum skili sér rafrænt inn í vinnsluumhverfi Reykjavíkurborgar án milligöngu eða handvirkrar skráningar. Með þessu verður hægt að stytta málsmeðferðartíma, auka rekjanleika og bæta upplifun notenda, jafnt íbúa sem og starfsfólks.

Áskorun

Fyrsti hluti verkefnisins felur í sér að flytja þjónustugátt íbúa frá eldri lausn, Stoð sem í dag þjónar sem íbúagátt fyrir málaflokka fatlaðs fólks sem flæðir upplýsingum yfir í málaflokkakerfið Ráðgjafann, yfir á Mínar síður. Stoð var upphaflega þróuð áður en Mínar síður tóku við sem samræmd og miðlæg þjónustugátt borgarinnar. Nú eru Mínar síður komnar á þann stað í virkni að geta tekið við þessum málaflokki og mun öll þróun og rekstur til framtíðar vera einfaldari og hagkvæmari innan sama umhverfis.

Eigandi: Styrmir Erlingsson,
framkvæmdastjóri rafrænnar miðstöðvar
Velferðarsviðs

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

Ávinningur verkefnisins felst í aukinni hagkvæmni í rekstri, einföldun tækniinnviða og lægri þróunarkostnaði til framtíðar. Með því að vinna innan eins samræmds kerfis verður þróun nýrrar virkni hraðari, yfirsýn betri og þjónusta íbúa markvissari.

Tímalína

Júlí 2025 – nóvember 2025

Kostnaður

Heildarkostnaður 9,3 m. kr.
Eignasjóður 9,3 m. kr.
Rekstur 0 m. kr.

Vörustjóri: Tindur Óli Jensson

Verkefnateymi: Hugbúnaðarteymi

Stafrænn leiðtogi: Magnús Bergur Magnússon